



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 16. fundur, 14. maí 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt sextánda fund sinn mánudaginn 14. maí 2008, kl. 17:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Yfirferð uppdráttu frá hönnuði
2. Drög að kostnaðaráætlun
3. Næstu skref

Afgreiðslur:

1. Lagðir voru fram uppdrættir af sundlaugarmannvirkjum, dags 12. maí 2008, gerðir af Jóni Guðmundssyni. Farið var yfir niðurstöður úr hönnun sundlaugarinnar og tengdra bygginga. Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með teikningarnar.
2. Byggingarfulltrúi lagði fram vinnugögn og magntölur vegna framkvæmdarinnar. Miklar umræður urðu um framkvæmdina og hvort skipta ætti útboðinu. Framkvæmdasvæðið er í heild um 2800 m² að stærð. Ákveðið að kynna niðurstöðuna fyrir bæjarstjórn og fræðslunefnd.
3. Samþykkt að leggja áherslu á að fá í hendur útboðsgögn innan 4 vikna.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 18.30.

Héðinn Sigurðsson, formaður
Stefán Árnason, byggingafulltrúi
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar

Ágúst Þór Bragason, bæjarfulltrúi